

L Ö G

7

29. jan.

um framlengiug á gildi laga nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu
h/f Eimskipafélags Íslands.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Lög nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands, skulu gilda árin 1943 og 1944.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. janúar 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

L Ö G

8

13. febr.

um breyting á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir orðunum „5) iðnaðarnefnd“ í 16. gr. laganna kemur: 6) heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Breytist liðatalan á eftir samkvæmt því.

2. gr.

Lög þessi komi til framkvæmda í byrjun reglulegs Alþingis 1943.

Gjört í Reykjavík, 13. febrúar 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Þórðarson.